



Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019 (rekstraröryggi greiðslumiðlunar). 662 mál.

ASÍ styður fyrirleggjandi frumvarp sem veitir Seðlabanka Íslands heimildir til að auka viðnámsþrótt greiðslumiðlunar með það að markmiði að vinna að þjóðaröryggi, auka fjármálastöðugleika og draga úr samfélagslegum kostnaði vegna smágreiðslumiðlunar. Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er kostnaður þjóðfélagsins vegna greiðslumiðlunar mun hærri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum eða sem nemur 1,43% af vergri landsframleiðslu samanborið við 0,79% í Noregi¹. Núverandi fyrirkomulag greiðslumiðlunar felur einnig í sér áhættu vegna þess hve háð Ísland er alþjóðlegum kortafyrirtækjum og fjarskiptum til og frá landinu. Frumvarpið felur í sér aukið sjálfstæði landsins um greiðslumiðlun, sem telst til þjóðhagslega mikilvægra innviða.

Frumvarpið felur í sér þjóðhagslegan ábata

ASÍ telur að frumvarpið hafi umtalsverðan þjóðhagslegan ábata með sér í för. Frumvarpið felur í sér að Seðlabanki Íslands mun hafa heimildir til að gera ráðstafanir sem stuðla að virkri og öruggri innlendri greiðslumiðlun sem getur dregið úr kostnaði söluaðila, neytenda og þjóðfélagsins alls við greiðslumiðlun. Stofnun innlendrar greiðslulausnar, sem verður möguleg ef frumvarpið verður samþykkt, er til þess fallin að draga úr aðgangshindrunum aðila á markaði greiðslumiðlunar og auka þannig samkeppni um fjármálaþjónustu sem getur skilað lægri kostnaði til söluaðila og neytenda. Kostnaður samfélagsins við smágreiðslumiðlun er hár og er því til mikils að vinna að lækka hann.

Samþykkt frumvarpsins mun einnig stuðla að því að Ísland verði ekki háð alþjóðlegum fyrirtækjum um greiðslumiðlun ef eitthvað bjátar á. Nú fara 90% innlendrar greiðslumiðlunar fram með greiðslukortum sem nýta erlenda greiðsluinnviði í eigu alþjóðlegra kortasamsteypa. Þetta er breyting frá því sem áður var og felur í sér áhættu ef upp kemur þjónusturof vegna tæknilegra vandamála eða viðskiptalegs eða alþjóðastjórnmalalegs ágreinings. Með samþykkt frumvarpsins verður mögulegt að koma á fót innlendri óháðri greiðslumiðlun sem dregur úr þessari áhættu.

Hagsmunir neytenda í fyrirrúmi

Nú er takmarkað gagnsæi um þann kostnað sem neytendur bera af greiðslumiðlun. Kostnaður vegna greiðslumiðlunar er að miklu leyti falinn en hann felst í gjöldum sem söluaðilar greiða þjónustuveitendum, sem leggst að lokum á neytendur og birtist í herra verðlagi á vöru og þjónustu. Bein gjaldtaka vegna ólíkra greiðsluleiða, svo sem færslugjöld og árgjöld korta, endurspeglar því ekki allan þann kostnað sem af greiðslumiðluninni hlýst sem skapar ranga hvata og leiðir til aukins kostnaðar fyrir samfélagið. Mikilvægt er að stuðla að auknu gagnsæi um kostnað mismunandi greiðsluleiða en slíkt er lykill að aukinni samkeppni og lægri kostnaði samfélagsins vegna greiðslumiðlunar.

Samhliða því að lækka kostnað neytenda vegna greiðslumiðlunar og auka gagnsæi þarf að stuðla að aukinni neytendavernd. Neytendavernd vegna greiðsluþjónustu felst m.a. í að neytendur hafi upplýsingar um og þekkingu á rétti sínum til endurgreiðslu þegar mistök eða svik eiga sér stað. Þá

¹ <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Menningar--og-vidskiptaraduneytid/Gjaldtaka%20og%20ar%C3%B0semi%20vi%C3%B0skiptabankanna.pdf>



Alþýðusamband Íslands

þarf að sjá til þess að neytendur geti fengið úrlausn á sínum málum sem upp koma vegna notkunar á greiðsluþjónustu og að þar til bærar stofnanir og aðilar sem fara með eftirlit eða úrskurða í neytendamálum séu í stakk búnir til þess að vinna úr þeim á skjótan og skilvirkan hátt.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Lúður Alfa Ólafsdóttir